ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 44**

**12. árgangur**

**8.9.2005**

**I EES-STOFNANIR**

**1. EES-ráðið**

**2. Sameiginlega EES-nefndin**

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

| | | |
|---|---|---|
| **2005/EES/44/01** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3742 – Corman/Glanbia Consumer Foods/JV) | 1 |
| **2005/EES/44/02** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3864 – FIMAG/Züblin) | 2 |
| **2005/EES/44/03** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3876 – Diester Industrie/Bunge/JV) | 3 |
| **2005/EES/44/04** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3923 – AMI/Eurotecnica) | 4 |
| **2005/EES/44/05** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3937 – CVC/Minit Group) | 5 |
| **2005/EES/44/06** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3941 – Advent/CCS) | 6 |
| **2005/EES/44/07** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3950 – AP Moller-Maersk/Kerr-McGee (North Sea Business)) | 7 |

| | | |
|---|---|---|
| **2005/EES/44/08** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3951 – Nomura/Kamps Food Retail Investments/Nordsee) . . . . . . . . . . . | 8 |
| **2005/EES/44/09** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3960 – Barclays Private Equity/Alstom Power Conversion) . . . . . . . . . . | 9 |
| **2005/EES/44/10** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3693 – TPV/Philips (Monitors)) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 10 |
| **2005/EES/44/11** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3825 – EHA/REWE Austria/JV) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 10 |
| **2005/EES/44/12** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3899 – Danaher/Leica MS) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 11 |


**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3742 – Corman/Glanbia Consumer Foods/JV)** **2005/EES/44/01**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írska fyrirtækið Glanbia Consumer Foods Limited („Glanbia CF“), sem tilheyrir Glanbia-samsteypunni, og belgíska fyrirtækið Corman SA („Corman“), sem tilheyrir frönsku Bongrain-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir írska fyrirtækinu Corman Miloko Ireland Limited („Corman Miloko“), sem er nú undir yfirráðum Corman.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Corman: framleiðsla og sala mjólkurafurða

   – Bongrain: framleiðsla og sala mjólkurafurða

   – Glanbia CF: framleiðsla, dreifing og sala ferskra mjólkurafurða og drykkja á Írlandi

   – Corman Miloko: framleiðsla og sala mjólkurafurða, m.a. vatnsfirrtrar mjólkurfitu og smuráleggs

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 219, 7. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3742 – Corman/Glanbia Consumer Foods/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3864 – FIMAG/Züblin)** **2005/EES/44/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið FIMAG Finanz Industrie Management AG („FIMAG"), sem er undir yfirráðum Dr Hans Peter Haselsteiner, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Ed. Züblin AG („Züblin").

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – FIMAG: mannvirkjagerð og byggingaframkvæmdir, ásamt skyldri þjónustu, einkum í gegnum fyrirtækið Bauholding Strabag SE

   – Züblin: mannvirkjagerð og byggingaframkvæmdir, ásamt skyldri þjónustu

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 218, 6. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3864 – FIMAG/Züblin, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

## Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3876 – Diester Industrie/Bunge/JV)

**2005/EES/44/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Diester SAS, sem er undir yfirráðum hins franska Sofiproteol, og hollenska fyrirtækið Koninklijke Bunge BV, sem er undir yfirráðum Bunge Limited („Bunge") á Bermuda, öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Diester Industrie International („D2I") með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Diester: framleiðsla og sala lífdísilolíu og glýseríns

   – Sofiproteol: fjármálafyrirtæki sem fjárfestir í framleiðslu jurtaolíu og jurtapróteína

   – Bunge: samsteypa sem starfar víða um heim á sviði landbúnaðarframleiðslu og stundar m.a. viðskipti með olíurík fræ og úrvinnslu þeirra ásamt framleiðslu og sölu lífdísilolíu

   – D2I: framleiðsla og sala lífdísilolíu og glýseríns

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 216, 3. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3876 – Diester Industrie/Bunge/JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

2005/EES/44/04

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3923 – AMI/Eurotecnica)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) og í kjölfar vísunar samkvæmt 3. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Agrolinz Melamine International GmbH („AMI“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir lúxemborgska fyrirtækinu Eurotecnica Melamine SA („Eurotecnica“), sem tilheyrir Eurotecnica Group SA.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – AMI: framleiðsla á melamíni, þvagefni, áburði og öðrum íðefnum

   – Eurotecnica: þjónusta á sviði verktækni og sala nytjaleyfa vegna notkunar á framleiðslutækni í ýmsum greinum, m.a. framleiðslu íðefna og olíuíðefna, hreinsun olíuefna og úrvinnslu afrennslis, auk tækni til melamínframleiðslu

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 219, 7. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3923 – AMI/Eurotecnica, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3937 – CVC/Minit Group)**

**2005/EES/44/05**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið CVC Capital Partners Group Sàrl („CVC“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir svissneska fyrirtækinu Rydon SA og frönsku fyrirtækjunum Minit France SAS og Montre Service SAS (einu nafni „Minit Group“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – CVC: selur fjárfestingarsjóðum fjárfestinga- og rekstrarþjónustu

   – Minit Group: skóviðgerðir, lyklasmíð, úraviðhald, prentun, leturgröftur og skyld þjónusta

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 222, 9. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3937 – CVC/Minit Group, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**2005/EES/44/06**

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3941 – Advent/CCS)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Advent International Corporation („Advent“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir tékkneska fyrirtækinu Česká společnost pro platební karty („CCS“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Advent: fjárfestingar í óskráðum félögum

   – CCS: kortagreiðslukerfi

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 216, 3. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3941 – Advent/CCS, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3950 – AP Moller-Maersk/Kerr-McGee (North Sea Business))** **2005/EES/44/07**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið AP Møller-Mærsk A/S („APMM“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir breska fyrirtækinu Kerr-McGee (GB) Limited og norska fyrirtækinu Kerr-McGee Norway AS (einu nafni „hinu keypta“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – APMM: skipaútgerð, borpallar, olíu- og gasleit og olíu- og gasframleiðsla

   – Hið keypta: olíu- og gasleit og olíu- og gasframleiðsla

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 218, 6. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3950 – AP Moller-Maersk/Kerr-McGee (North Sea Business), á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**2005/EES/44/08**

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3951 – Nomura/Kamps Food Retail Investments/Nordsee)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Nomura International plc („Nomura“), sem tilheyrir japönsku Nomura-samsteypunni, Hr Heiner Kamps og svissneska fyrirtækið TML-Invest Sàrl („TML“), sem tilheyrir þýsku Müller-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Nordsee GmbH. Hr Kamps og TML öðlast yfirráð yfir Nordsee fyrir tilstuðlan lúxemborgska fyrirtækisins Kamps Food Retail Investments SA sem stofnað er í þessu skyni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Nomura: fjárfestingabanki með starfsemi víða um heim

   – Heiner Kamps: einkafjárfestir

   – TML: eignarhaldsfyrirtæki Müller-samsteypunnar, sem starfar einkum við framleiðslu ferskra mjólkurafurða og matvæla sem eru unnin úr ávöxtum

   – Nordsee: rekstur skyndiréttastaða og sjávarréttaveitingastaða og sala sjávarafurða í heildsölu

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 218, 6. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3951 – Nomura/Kamps Food Retail Investments/Nordsee, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3960 – Barclays Private Equity/Alstom Power Conversion)**

**2005/EES/44/09**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. ágúst 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Barclays Private Equity France („Barclays“), sem er undir yfirráðum hins breska Barclays Bank Plc, öðlast með eignakaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Alstom Power Conversion („APC“), sem tilheyrir Alstom Holdings.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Barclays: rekstur sjóða sem fjárfesta í óskráðum félögum

   – APC: fyrst og fremst verkefni sem snúast um að nýta raforku til framleiðslustarfsemi

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 220, 8. september 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32(0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3960 – Barclays Private Equity/Alstom Power Conversion, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3693 – TPV/Philips (Monitors))** **2005/EES/44/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. ágúst 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fáanleg:

– á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;

– á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3693. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (http://europa.eu.int/eur-lex/lex).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3825 – EHA/REWE Austria/JV)** **2005/EES/44/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á þýsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fáanleg:

– á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;

– á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3825. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (http://europa.eu.int/eur-lex/lex).

**2005/EES/44/12**

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3899 – Danaher/Leica MS)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. ágúst 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fáanleg:

– á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;

– á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3899. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (http://europa.eu.int/eur-lex/lex).

**2005/EES/44/13**

**2005/EES/44/14**

([1]) Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1.

**2005/EES/44/15**

**2005/EES/44/16**

**2005/EES/44/17**